

Nýr kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og SAMFLOTS bæjarstarfsmannafélaga undirritaður þann 29. maí 2011

Þann 29. maí undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga nýjan kjarasamning milli aðila.

Samningurinn gildir frá 1. maí 2011 til 30. september 2014 og felur í sér sambærilegar hækkanir launa og nýlegir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði.

Gildistími

1. maí 2011 til 30. september 2014.

1. maí 2011

Heildstæður kjarasamningur tekur gildi.

Textabreytingar taka gildi.

Eingreiðsla kr. 50.000

Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000.- hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí.

Starfsmenn sem hófu störf á tímabilinu 1. mars til 15. maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

1. júní 2011

Ný launatafla tekur gildi. Lífaldursþrepum er eytt og persónuálag verður sýnilegt í launatöflunni.

Launatafla I, gildistími: 1. júní 2011 – 29. febrúar 2012.

Hækkun launatöflu: 5,4%

1. febrúar 2012

Eingreiðsla kr. 25.000

Starfsmenn sem eru við störf þann 1. febrúar 2012 fá greidda sérstaka eingreiðslu, kr. 25.000,- miðað við fullt starf. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall 1. febrúar 2012.

1. mars 2012

Launatafla II, gildistími: 1. mars 2012 – 28. febrúar 2013.

Hækkun launatöflu: 3,5%

1. mars 2013

Launatafla III, gildistími: 1. mars 2013 – 28. febrúar 2014.

Hækkun launatöflu: 4,5%

1. mars 2014

Launatafla IV, gildistími: 1. mars 2014 – 30. september 2014.

Bil milli launaflokka jafnað í 1,1%.

Hækkun launatöflu: 3,1%

Lágmarkslaun

Lágmarkslaun skv. gr. 1.1.1.2 fyrir fullt starf.

Frá 1. júní 2011,	kr. 193.007.
Frá 1. mars 2012,	kr. 199.762.
Frá 1. mars 2013,	kr. 207.000.
Frá 1. mars 2014,	kr. 213.500.

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót skv. gr. 1.8 verður sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 36.000

Á árinu 2012 kr. 37.000

Á árinu 2013 kr. 38.000

Á árinu 2014 kr. 39.000

Gr. 4.2.4 um lágmarksupphæð orlofsfjár fellur burt úr samningnum..

Desemberuppbót

Desemberuppbót (persónuuppbót) skv. gr. 1.7 verður sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 75.500.-

Á árinu 2012 kr. 78.200.-

Á árinu 2013 kr. 80.700.-

Starfsmenn á leikskólum og grunnskólum

Liðir c og g í gr. 8.2.5 eru samræmdir.